



Reykjanesbæ 4. september 2014

Tilkynning.

Í reglubundnu eftirliti með gæðum neysluvatns þann 1. september sl. reyndist sýni sem tekið var af neysluvatni í Stóru-Vogaskóla mengað af *E. coli* bakteríum. Niðurstöður þessa efnis lágu fyrir nú í morgun.

Ástæður mengunarinnar liggja ekki fyrir, en þó má leiða að því líkur að yfirborðsvatn hafi borist í grunnvatn í þeim miklu rigningum sem voru um síðustu helgi.

Bæjarbúum er ráðlagt að sjóða allt drykkjarvatn.

Embættið mun ráðast í ítarlegar rannsóknir á neysluvatni í bæjarfélaginu næstu daga og upplýsa um niðurstöður um leið og þær liggja fyrir.

Viðbrögð við mengun af þessu tagi eru samkvæmt fyrirmælum í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og til þeirra er gripið að höfðu samráði við Matvælastofnun, Sveitarfélagið Voga, eiganda vatnsveitunnar í Vogum og HS Veitur, rekstraraðila vatnsbóla Vogamanna.